

Skýrsla félagsmálafulltrúa skólaárið 2012-13

Félagsmálafulltrúi hittu nemendaráð í júlí og ágústmánuði til að fara yfir stöðu mála, fara yfir helstu verkefni og dagskrá. Að auki afhenti félagsmálafulltrúi öllum í nemendaráði upplýsingabækling um hlutverk og skyldur hvers og eins í ráðinu. Á skólaárinu fundaði félagsmálafulltrúi með nemendaráði einu sinni í viku, en auk þess er undirrituð umsjónarkennari nemendaráðs hverju sinni og hittir hópinn í umsjónartíma. Félagsmálafulltrúi sat einnig fundi forvarnarteymis og skólaráðs.

Í nemendaráði sátu: Markús Árni Vernharðsson, formaður, Sara Árnadóttir, ritari, Gísli Þór Axelsson, gjaldkeri, Áslaug Alda Þórarinsdóttir, formaður skemmtinefndar, Vigfús Blær Ingason, vefstjóri, Lilja Viktoría Guðbjörnsdóttir, formaður ritráðs, Álfrún Auður Bjarnadóttir/Fríða Hansen, formaður leikráðs, Einar Karl Júlíusson, formaður tækjanefndar, Hermann Guðmundsson/Hjörtur Leó Guðjónsson, formaður íþróttaráðs, Jóhann Guðmundsson/Jakob Þór Schram, markaðsstjóri og Halldóra Íris Magnúsdóttir, fulltrúi nýnema/æðsti busi.

Breyting á fyrirkomulagi greiðslu félagsgjalda hefur haft mjög góð áhrif á fjárhag nemendafélagsins, en haustið 2012 voru félagsgjöld sett saman við innheimtu skólagjalda. Gera má ráð fyrir að fjöldi skráðra nemenda í félaginu hafi farið úr um 30% af heildarnemendafjölda yfir í 80%, sem hefur í för með sér aukinn hag nemendafélagsins, en um leið auknar skyldur.

Fyrsta verkefni vetrarins var að undirbúa nýnemadag, en á þeim degi fá nýnemar að hafa skólann útaf fyrir sig, fengu fræðslu um skipulag og þjónustu skólans og að auki stýrði nemendaráð ratleik og kynningu á félagslífi. Nýr skólameistari tók ákvörðun um að busavígslum yrði hætt við skólann, sem undirrituð telur vel en nemendur, sérstaklega þeir eldri, töldu þetta vera afturför. Í staðinn fyrir busavígslu var ákveðið að halda svokallaðan gleðidag og var hljómsveitin Kiryama family fengin til að halda tónleika og þvínæst var pylsupartý í sól og blíðu. Ekki var mikið um auka vígslur á busum utan skólasvæðis eins og hefur tíðkast og má leiða að því líkum að slíkt muni dofna og fjara út þar sem tilefnið hefur verið fjarlægt út skólanum sjálfum.

Haldin voru 4 böll í vetur, busaball, Halloweenball, árshátíð og lokaball. Fjölmenn var á alla hefðbundna dansleiki, en minni aðsókn að árshátíðinni, sem að þessu sinni var haldin hátíðleg í Hótel Selfossi með mat og skemmtiatriðum. Á skólaárinu var

nemendafélaginu kynnt aðgerðaáætlun um forvarnir á skóladansleikjum sem fól meðal annars í sér breytingu á opnun dansleikja og fyrirkomulag miðasölu. Nemendur tóku afar illa í málið, en voru tilbúnir að halda eitt lokað ball sem tilraun á vorönn. Er skemmst frá því að segja að ballið var felld niður vegna lélegrar miðasölu, en óvíst er hvort að það tengist þessari breytingu eða einhverju öðru eins og til dæmis tímasetningu og staðsetningu.

Söngkeppni FSu fór fram í nóvember, en þetta er langstærsti og umfangsmesti viðburður skólaársins hjá nemendafélaginu. Þemað að þessu sinni voru kvikmyndir og tókst keppnin afar vel, en um 550 manns komu að horfa á, sem er fækkun frá því í fyrra. Hulda Kristín Kolbrúnardóttir bar sigur úr býtum, en hún keppti svo í aðalkeppninni á Akureyri í apríl. Þess ber að geta að 14 atriði tóku þátt eftir að hafa farið í gengum prufur þar sem mun fleiri vildu komast að, atriðin voru hvert öðru glæsilegra, en söngkeppnin hefur vaxið mikið og styður mjög við það öflugna tónlistarstarf sem blómstrar hér við skólann.

Ekki var sett upp hefðbundin leiksýning eða söngleikur á þessu skólaári. Ákveðið var að taka þátt í Þjóðleik, verkefni á vegum Þjóðleikhússins, þar sem leikhópar eru búnir til um allt land og geta svo valið úr þremur verkum sem Þjóðleikhúsið lætur skrifa fyrir verkefnið. Að auki fá hópstjórar leiðsögn og námskeið í Þjóðleikhúsinu. Hópar úr hverjum landshluta hittast svo á leiklistarhátíð og sýna verk sín. Undirrituð kenndi leiklistaráfanga á vorönn sem myndaði leikhópin, en að auki komu fjölmargir nemendur að sýningunni. Sýnd voru tvö verk, Perfect eftir Hlín Agnarsdóttur og Tjaldið eftir Hallgrím Helgason og var sýningin því kölluð Tvíleikur. Að auki unnu nemendur í fatahönnun og kvikmyndagerð verkefni í tengslum við sýninguna. Sýnt var í skólanum, en það hefur ekki verið gert í fjölmörg ár. Hátíðarsalur skólans er ekki gallalaus, en með því að teppaleggja sviðið og hengja upp dökk baktjöld tókst að búa til ágætis leiksvið. Um 50 nemendur tóku þátt í sýningunni á einn eða annan hátt. Hljómsveitin Aragrúi sá um hljóðmynd í verkinu. Sýndar voru 9 sýningar í skólanum og var leiksýningunni vel tekið, þó mæting hefði mátt vera meiri. Samtakamáttur hópsins var mikill og fengu nemendur mikið hrós fyrir vinnu sína á leiklistarhátíðinni sem haldin var á Stokkseyri í apríl.

Skólinn tók þátt í Gettu betur og stóð sig vel, komst áfram í útvarpi, en tapaði fyrir Kvennaskólanum í keppni um að komast í sjónvarpskeppnina. Einnig tók skólinn þátt í Morfís, en datt út í fyrstu umferð, en lítil hefð er fyrir Morfís keppninni í skólanum.

Ritráð gaf út tvö Nota Bene blöð, sem komu út á réttum tíma, en það hefur ekki tekist undanfarin ár. Blöð voru mjög vel heppnuð. Ritráð sá einnig um að gera dagskrá fyrir söngkeppnina, Káta daga, leikskrá fyrir Tvíleik og netblaði um góðgerðardaga.

Góðgerðardagar voru haldnir í byrjun október í fyrsta sinn í sögu skólans. Er skemmst frá því að segja að dagarnir tókust afar vel og eru þeir vonandi komnir til að vera. Nemendur söfnuðu um 400 þúsund krónum í gegnum áskoranir sem runnu til átaksverkefnis til heilla barna í heiminum sem Rauði Krossinn stóð fyrir. Ritráð bjó til sérstakt blað um góðgerðardaga, haldin var skemmtidagskrá í Iðu og svo gengu nemendur til góðs laugardaginn 6. október.

Fjórar kvöldvökur voru haldnar á árinu, busakvöldvaka, góðgerðarkvöldvaka, jólakvöldvaka og kosningakvöldvaka. Þær voru vel sóttar og vel skipulagðar. Nemendaráð bryddaði upp á ýmsu í miðvikudagsgötum vetrarins, bakaði vöfflur, hélt karóíkíkeppni, bíómyndamaraðon, húla- og limbókeppnir, brennókeppni og fleira. Kátir dagar og Flóafár voru haldin í febrúar að venju og tókust vel. Kennarar sem sitja í kátudaganefnd og flóafársnefnd skila félagsmálafulltrúa sérstökum skýrslum sem sjá má hér að neðan.

Nokkrir íþróttaviðburðir voru haldnir á skólaárinu, tekið var þátt í Paintballmóti, haldið var FSu-mót í knattspyrnu, skólinn tók þátt í hestamótum, en einnig sá íþróttaráð um viðburði í miðvikudagsgötum og á Kátum dögum.

Nemendaráð hefur verið mjög hugmyndafríkt í hvernig það hefur kynnt sína vinnu og notað alla miðla sem mögulegir eru til kynningarstarfs. Ráðið heldur úti feisbúksíðu, Instagramsíðu, Twittersíðu og vefsíðu, en er einnig mjög duglegt að búa til kynningar myndbönd og plaköt.

Lokaorð

Nemendaráð liðins skólaárs hefur staðið sig afar vel á árinu. Að því sögðu má segja að ráðið hafi byrjað af krafti, en alltaf virðist draga aðeins úr kraftinum á vorönn. Þetta mátti sjá á hvernig undirbúningur Kátra daga gekk og á fjölda viðburða á vorönninni. Stundum er um kraftleysi einstaklinga að ræða og stundum þreytu hjá þeim einstaklingum sem alltaf taka frumkvæðið. Ekki virðist skipta neinu máli hversu oft og ítrekað félagsmálafulltrúi minnir nemendur á að dreifa verkefnum á milli sín og hefja undirbúning snemma. Einnig er alltaf erfitt þegar margir nemendur eru að vinna í

nemendaráði á útskriftarönninni sinni, en óvenju margir nemendur í fráfarandi nemendaráði útskrifuðust nú í vor.

Breytingar á fyrirkomulagi skóladansleikja sem koma til framkvæmda á næsta skólaári eru mikilvægt skref í forvörnum við skólann. Fróðlegt verður að sjá hvernig þetta mun reynast, en gera má ráð fyrir að svona breytingar festist í sessi á um 3 árum. Lokun balla er orðin regla frekar en undantekning á landsvísu í framhaldsskólum. Edrúpotturinn mun örugglega takast vel ef að nemendafélagið verður duglegt að finna góða vinninga til að hafa í boði og lokun miðasölu á staðnum mun koma í veg fyrir árekstra og vesen við inngang.

Undirrituð leggur til eina breytingu á fyrirkomulagi reglna um einingagjöf fyrir vinnu í nemendaráði:

- ✓ Að tekin verði úr sambandi mæting í umsjónartíma sem nú, ásamt mætingu á nemendaráðsfundi, liggur til grundvallar einingagjöf.
- ✓ Í staðinn verði ritara nemendaráðs og félagsmálafulltrúa gert skylt að skila inn mætingarskráningu fyrir fundi nemendaráðs og sú skráning verði notuð framvegis.
- ✓ Að ekki verði búinn til sérstakur umsjónarhópur með nemendaráði; þetta er grein af sama meiði, umsjónartíminn hefur styst og nýtist því ekki til fundahalda eins og áður var, að auki er miklu jákvæðara að nemendaráðsfólk sitji í blönduðum hópum í umsjón og geta þannig hlerað skoðanir í umræðum og tekið virkari þátt í umræðum.

Að lokum telur undirrituð gríðarlega mikilvægt að nemendafélagið taki virkan þátt í Heilsueflandi framhaldsskóla og hjálp til við vinnu. Geðrækt er aðalmálið á næstu önn og gríðarlega mikilvægt að fá nemendur í lið með okkur í því starfi á næsta skólaári.

Góðar stundir,
Guðfinna Gunnarsdóttir
Félagsmálafulltrúi

Skýrsla Flóafársnefndar 2013

Í nefndinni sátu fyrir hönd kennara: Eyrún Björg Magnúsdóttir, Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, og Sigursveinn Már Sigurðsson og fyrir hönd nemenda var íþróttaráðið og formaður þess Hjörtur Leó Guðjónsson.

Liðstjórar og lið voru eftirfarandi: AUSTIN POWERS (Ingvar Hersir Sveinsson og Sveinn Orri Einarsson), HAWAII (Einar Guðni Guðjónsson og Fríða Hansen), 80's (Albert Freyr Eiríksson og Steinar Sigurjónsson), STRUMPARNIR (Svavar Berg Jóhannsson og Dagur Skúlason) og MADE in SVEITIN (Brynjar Gísli Stefánsson og Rökkvi Hljómur Kristjánsson)

Flóafársnefndin fundaði fyrst um miðjan janúar og undirbjó fyrstu skrefin. Auglýst var eftir liðsstjórum en gekk nokkuð illa að fá fólk til að gefa sig fram. Nemendaráðið þurfti að hvetja nemendur til að sækja um. Liðin voru upphaflega sex en eitt þeirra náði þó ekki að safna í lið. Nefndin fundaði vikulega og oftast þegar nær dró, og svo líka með liðsstjórunum.

Í ár fengu liðin aðgang að myndlistarstofunni mestallan fimmtudaginn 28. febrúar undir stjórn Elísabetar Harðardóttur. Keppendur nýttu þennan dag mjög vel og það var ótrúlega gaman að sjá hvað hópurinn var virkur og skapandi. Flóafársnefnd og íþróttanefnd gengu frá stofumerkingum þennan dag. Fárið sjálft fór af stað upp úr kl 9.00 á föstudeginum 1. mars. Eftir hefðbundna upphitun var allt sett í gang og það var líf og fjör í hlutunum. Leikar fóru svo að 80's sigraði að lokum.

Hugleiðingar Flóafársnefndar:

Eins og vanalega finnst sumum að ekki nógu margir taki þátt. Við náum aldrei öllum til keppni en það er engin vafi á því að þeir sem tóku þátt voru að þessu af lífi og sál og það finnst okkur mest um vert, og hana nú! Nefndin er sammála um að minnkandi þátttaka kennara sé umhugsunarefni.

AÐ JAFNRÆÐIS SÉ GÆTT Í STIGAGJÖF? Spurning hvort þá fari liðin að einblína á færri keppnisatriði en nú er, ef þau komast að því að sigur í einum þætti útiloki sigur í öðrum? Hvað er SANNGJARNT? Það gæti verið gott að deila ábyrgðinni á dómarahlutverkinu á fleiri aðila.

Ef til vill væri hægt að halda Flóafárið á undan Kátum dögum, þannig að skreytingar standi lengur uppi.

Kostir Flóafárs sem verkefni:

- Verkefnið er heildstætt, raunverulegt, þematengt þar sem nemendur bera ábyrgð frá A-Ö, setja sig í spor ýmissa sérfræðinga, hafa samband við marga aðila úti í bæ, samvinna innan liðs, hugsa hlutina fram í tímann, gera verkáætlun og fjárhagsáætlun og fylgja þeim eftir.
- Verkefnið er skapandi
- Þau beita hugvitsemi s.s. breyta hringborðum í hljómplötur
- Krefst skipulags á mannafla, tíma, svæðum, fjármunum, æfingum...(verkfræði)
- Krefst þrautseigju og dugnaðar
- Krefst að nemendur geti leyst ágreining og tekist á innbyrðis um hvað er „sanngjarn“
- Er þetta „The project“? sem kennir þeim fleira þegar út í lífið er komið en „þekkingarinntak“ einstakra námsgreina?
- Grunnþættirnir 6? Sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, sjálfbærni, læsi? Kannski er þetta verkefni það sem kemst næst því að innihalda grunnþættina í skólastarfinu og það er ekki einu sinni metið ☺
- Myndi það jafnvel skemma sköpunargleðina ef verkefnið flyttist úr því að vera leikur yfir í (einingabært) nám?

Atriði til að hafa í huga næst:

- Hafa tuskur, kústa, moppur aðgengileg fyrir liðin sem vilja þrifa eftir sig
- Banna skít (fjósaspýtur)
- Dreifa meiri ábyrgð á starfsfólki
- Það vill enginn taka þátt í að vera í Flóafársnefnd ef það þýðir að viðkomandi beri fulla ábyrgð á öllu batteríinu þ.m.t. ræstingar, sanngirni í fyrirgjöf, að engum sárni t.d. starfsbraut...
- Brýna fyrir kennurum að ganga frá á sínu svæði/stofu áður en skólinn er yfirgefinn (gefa stig?)
- Skipta úr refsstigum í broskalla ☺

- Passa að liðin (allir) viti hverjir eru í Flóafársnefnd
- Flóafársnefnd viti t.d. hvar á að fara út með rusl
- Hvað með að flokka flöskur?
- Tókst vel að hafa skemmtiatriðin á eftir Fárinu
- Tókst vel að hafa pizzuveisluna á Þorlákshafnarsvæði
- Þarf ef til vill að búa til reglur fyrir keppnina

Kvartanir/ábendingar:

- Einn ræstitæknir kvartaði yfir því að ræstingarsvæði væri skítugt, henni féllust hendur (liðið var með fjósaspýtur) hún notaði 3 korter bara í salernin, margir ruslapokar.
- Einhverjir vilja sjá meira jafnræði í stigagjöf (fleiri lið fái verðlaun)
- Pizzakössum ekki hent – skildir eftir við útidyr. Vantar meira skipulag varðandi frágang eftir keppni.
- Starfsbrautarkennarar vildu betri kynningu á Fárinu og liðunum fyrir sína nemendur, og kynnti nefndin liðin fyrir nemendum.
- Gleymdist að setja helstu upplýsingar um Flóafársnefndina á Moodle (símanúmer - netföng)
- Verðlaunabikarinn hafði ekki skilað sér frá Fárinu árinu áður.
- Gleymdist að breyta ártölum á viðurkenningaskjölum

Skýrsla Kátudaganefndar 2013

Fulltrúar kennara sem í nefndinni störfuðu: Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir og Ida Løn. GKS í annað skipti en IL í fyrsta skipti.

Kátir dagar voru að þessu sinni haldnir dagana 27.-28. febrúar. Þeir byrjuðu í miðrými skólans á svokölluðu Carnivali á miðvikudeginum fyrir hádegi og enduðu með Lokahnykk í Iðu á fimmtudeginum eftir hádegi.

Vinnan byrjaði á að stofnuð var Facebook-síða Kátra daga sem reyndist vel sem samskiptaleið. Allir vissu hvað var í gangi og það gekk vel að koma skilaboðum á milli manna. Starf nefndarinnar hefði mátt vera skilvirkara. Það er krefjandi að setja saman

fjölbreytta tveggja daga dagskrá þar sem allir nemendur skólans eiga að geta fundið eitthvað sem þeim þykir skemmtilegt. En þess má geta að formaður nefndarinnar átti erfitt með að halda utan um þetta umfangsmikla og margbreytilega starf. Þó að samskiptin á Facebook hafi verið góð, var afar erfitt að koma nefndarmönnum saman, þetta var til þess að vinnan fór seint af stað. Eftir því sem atburðurinn færðist nær vorum við stundum alveg ráðalaus yfir ábyrgðar- og framtaksleysi nefndarinnar, ábyrgðinni var sífellt ýtt yfir á næsta mann. Vinnan lenti að mestu leyti á tveimur nefndarmannanna fyrir utan það, að nemendaráðið tók mjög virkan þátt síðustu undirbúningsdagana. Stjórnleysið kom niður á undirbúningsferlinu og þar af leiðandi líka á hátíðinni sjálfri – og við spyrjum okkur hvað við hefðum getað gert betur? Hefðum við átt stýra þessu meira en við gerðum? Við sáum það sem okkar hlutverk að fylgjast með á hliðarlínunni, spyrja gagnrýnina spurninga, að ýta á eftir og hjálpa þegar þörf var á – ekki sjá um framkvæmdina sjálfa.

Carnivalið í upphafi tókst vel, það var margt um manninn og allskonar um að vera í miðrýminu, hér má nefna skeifukast, ókeypis ís, crossfitt-keppni, pizzusölustað, rjómakast, lukkuhjól og franskan sölubás. Eftir þetta var m.a. boðið upp á zumba, bíómynd í sal skólans, Pókemon mót, dodgeballmót í Iðu og fyrirlestra. Hestabrautin var með vetrarmót og ljósmyndamarafonið var sett í gang. Fjöldinn færðist úti í Iðu en þó voru líka nemendur áfram í Odda að njóta þess sem þar var í boði – þeir voru bara of fáir.

Fimmtudagurinn byrjaði á ókeypis morgunmat handa öllum. Eftir það tók við: Brjóstsykursgerð, manntafl, bíómyndasýningar, björgunarsveitamenn, fótboltamót, bíómyndaspjall, matreiðslunámskeið, skákmót og frí klipping.

Allt hljómar þetta vel og flott, en hvar voru allir? Fjöldi fólks, bæði nemendur en líka kennara tóku ekki virkan þátt í Kátum dögum. Það var margt vel gert og skemmtilegt en ýmislegt sem betur hefði mátt fara. Teljum við stóran galla á Kátum dögum hve margir taka ekki þátt og er það tillaga okkar að fyrirkomulagi daganna þurfi að breyta.